


Alþjóðasamband Soroptimista – Kortlagning stefnumiða

Framtíðarsýn

Alþjóðasamband Soroptimista eru framsækin og sveigjanleg alþjóðasamtök fyrir nútímakonur í stjórnun og öðrum sérhæfðum störfum. Við stuðlum að heimsmynd þar sem konur og stúlkur ná í sameiningu fram því besta sem völ er á, bæði sem einstaklingar og sem hópur, og þar sem þær geta látið drauma sína rætast, og til jafns við aðra, skapað sterk og friðsöm samfélög um allan heim.

Markmið

Soroptimistar hvetja til aðgerða og skapa tækifæri til að breyta lífi kvenna og stúlkna með fjölþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegu félaganeti. Soroptimistar hvetja til jafnræðis og jafnréttis; skapa öruggt og heilsusamlegt umhverfi; auka aðgengi að menntun; efla leiðtogahæfni og hagnýta þekkingu til sjálfbærrar framtíðar.



Stefnumið

1. Alþjóðleg félagsaðild

Alþjóðasamband Soroptimista eru framsækin, sveigjanleg og virk samtök með alþjóðleg sýn, reiðubúin til að helga sig markmiðum og tilgangi samtakanna.

2. Leiðtogar

Alþjóðasamband Soroptimista eru stefnumiðuð félagasamtök með fjölhæfum og virkum leiðtogum sem ná árangri og tryggja að framtíðarsýn samtakanna náist.

3. Verkin tala

Fyrir tilstilli þess styrks sem felst í alþjóðlegum félagsskap, tryggja Soroptimistar fjármuni til þess að ná fram árangri þeirra verkefna sem samtökin sinna, áherslumálum þeirra og stefnumiðuðum markmiðum.

4. Áhrifin sýnd

Alþjóðasamband Soroptimista vinnur á jafnréttisgrundvelli með öðrum samtökum, bæði staðbundnum og alþjóðlegum, að mikilvægum verkefnum og áherslumálum sem eru í samræmi við framtíðarsýn samtakanna.